

FRÉTTABRÉF HÖRGÁRSVEITAR

16. apríl 2026 | 17. árgangur 6. tölublað



HÖRGÁRSVEIT

FRÉTTIR OG TILKYNNINGAR

Sundlaugin á Þelamörk

VETRAROPNUN

MÁNUDAGA TIL FIMMTUDAGA	16:00 - 22:30
FÖSTUDAGA	LOKAÐ
LAUGARDAGA	11:00 - 18:00
SUNNUDAGA	11:00 - 22:30
Sumardagurinn fyrst	11:00 - 18:00



ÞELAMÖRK
ÍPRÓTTAHÚS - SUNDLAUG

Íþróttaskóli Smárans í íþróttahúsinu á Þelamörk

Sunnudaginn 19. apríl kl. 10:00-11:00, öll börn velkomin.



VINNUSKÓLI HÖRGÁRSVEITAR

Vinnuskólinn í sumar mun starfa frá 8. júní - 31. júlí. Hann er fyrir börn sem eru nú í 8., 9. og 10. bekk og með lögheimili í Hörgársveit.

Nánari upplýsingar eru gefnar á skrifstofu Hörgársveitar á skrifstofutíma í síma 460 1750 og hjá Jóni Þór Brynjarsyni í síma 860 6846 eða í gegnum tölvupóst á jonni@horgarsveit.is.

UMSÓKN Í VINNUSKÓLA

Næsti fundur sveitarstjórnar

Fimmtudaginn 30. apríl klukkan 08:30.

Útdráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Priðjudaginn 10. mars 2026 kl. 17:00 kom sveitarstjórn Hörgársveitar saman til fundar á skrifstofu sveitarfélagsins í Þelamerkurskóla.

Fundarmenn: Axel Grettisson oddviti, Ásrún Árnadóttir, Jón Þór Benediktsson, Sunna María Jónasdóttir og Jónas Þór Jónasson.

Fundarritari: Snorri Finnlaugsson sveitarstjóri

Þetta gerðist:

1. Ársreikningur - 2025 - H2604007

Ársreikningur 2025 - fyrri umræða.

Sveitarstjórn samþykkti að vísa ársreikningi Hörgársveitar fyrir árið 2025 til síðari umræðu.

2. Fundargerð kjörstjórnar - H2602055

Fundargerð lögð fram.

3. Skipulags- og byggingarfulltrúi Eyjafjarðar - Afgreiðslufundir 109 og 110. - H2602039

Fundargerðir lagðar fram.

4. Fundargerð stjórnar SSNE frá 82. fundi - H2602034

Fundargerð lögð fram

5. Fundargerðir Norðurorku frá 321. og 322. fundi. - H2602024

Fundargerðir lagðar fram.

6. Fundargerð stjórnar Samb. ísl. sveitarfélaga frá 996. fundi. - H2602035

Fundargerð lögð fram.

7. Frumvarp til sveitarstjórnarlaga - H2604004

Greinargerð fyrir fámenn sveitarfélög unnin af Guðjóni Bragasyni lögð fram.

8. Hlaðir L152500 - umsókn um byggingarreit fyrir fjós - H2603039

Eigendur jarðarinnar Hlaða (L152500) sækja um byggingarreit fyrir 1000-2000 fermetra fjósbyggingu sem yrði staðsett vestan við núverandi fjósbyggingar sbr. meðfylgjandi teikningu frá Ívari Ragnarssyni dags. 17.03.2026. Í gildi er deiliskipulag á Hlöðum frá 2010 vegna viðbygginga við fjós og er það meðfylgjandi skipulagsgögnum.

Sveitarstjórn samþykkti að kallað verði eftir deiliskipulagsbreytingarblaði þar sem nýji byggingarreiturinn nær inn á skipulagsmörk gildandi deiliskipulags.

Deiliskipulagsbreytingin verði síðan grenndarkynnt skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

9. Bárulundur - breyting á deiliskipulagi - H2604002

Landeigandi Bárulundar L229102 (áður Ytri-Bakki) óskar eftir breytingu á deiliskipulagi Ytri-Bakka sem tók gildi 26.06.2019. Sótt er um nýjan byggingarreit fyrir íbúðarhús með byggingarmagni allt að 200 m² Einbýlishúsið yrði á sér rotþró og myndi nýta sama aðkomuveg og Bárulundur.

Sveitarstjórn samþykkti erindið sem óverulega deiliskipulagsbreytingu skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem erindið varðar ekki hagsmuni annarra en málshefjanda og sveitarfélagsins skal fallið frá grenndarkynningu, sbr. 3. mgr. 44. gr. sömu skipulagslaga. Skipulagsfulltrúa er falið að fullnusta deiliskipulags-breytinguna þegar öll gögn liggja fyrir. Jón Þór Benediktsson vék af fundi undir þessum lið.

10. Deiliskipulag Lónsbakkahverfis - breytingar v. Lónsvegur 1 - 3. - H2603023

Tekin fyrir tillaga að deiliskipulagsbreytingu Lónsbakkahverfis vegna Lónsvegur 1 og 3, unnin af Landslagi dags. 10.04.2026. Breytingin felur m.a. í sér stækkun lóðar, stækkun byggingarreits, aukningu hámarks byggingarmagns og að heimilt verði að byggja 3-4 hæða byggingu á lóðinni Lónsvegur 1. Lóðin Lónsvegur 3 stækkar einnig lítillega og þar yrðu m.a. skilgreindir 2 byggingarreitir í stað eins, byggingarnar yrðu á 2 hæðum í stað 3ja og heildarfjöldi íbúða fækkar.

Sveitarstjórn samþykkti að deiliskipulagsbreytingin verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

11. Loftlagsstefna Norðurlands eystra - H2603022

SSNE óskar eftir að sveitarfélögin á starfssvæði SSNE skipi fulltrúa í samvinnuvettvang sem er ætlað að vinna að framfylgd stefnunnar, vinna saman að fyrirliggjandi markmiðum og taka samtaka skref í aðgerðum.

Sveitarstjórn samþykkti að Anna G Kristjánsdóttir verði fulltrúi Hörgársveitar.

12. Árni Rúnar Örvarsson, erindi um skipulagsmál og framkvæmdaleyfi - H2604006

Lögð fram erindi frá Árna Rúnari Örvarssyni um skipulagsmál og framkvæmdaleyfi í Hörgársveit þar sem óskað er eftir gögnum, upplýsingum og afstöðu sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn samþykkti að oddvita og sveitarstjóra verði falið að vinna málið áfram ásamt starfsmönnum og ráðgjöfum sveitarfélagsins, ræða við bréfitara um afmörkun málsins og erinda hans og svara í samræmi við upplýsingalög og með tíðkanlegum hætti.

13. Trúnaðarmál - H2502026

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:30

Skráning á póstlista fréttabréfsins

